Sveitarfélagið
ÁRBORG

# STARFSÁÆTLUN

**Leikskólinn Jötunheimar**

## 2017 – 2018

## 2018 - 2019



### Leiðarljós Fræðslusviðs:

Að öll börn og ungmenni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

### Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur ... 3
2. Stutt greinargerð um skólastarfið 2017-2018 ... 4
3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 ... 6
3.1 Innra mat leikskólans ... 6
3.1.1 Umbótaáætlun ... 6
3.2 Ytra mat ... 7
3.3 Matsáætlun ... 10
4. Börn, foreldrar ofl. ... 11
4.1. Barnahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar) ... 11
4.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings ... 11
4.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála ... 11
4.2. Foreldrasamvinna ... 11
4.2.1. Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins). ... 12
4.2.2. Foreldrafundir, foreldrafræðsla(dagsetningar, fyrirkomulag). ... 12
4.2.3. Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil). ... 12
4.2.4. Foreldrafélag ... 12
4.2.5. Fréttir ... 12
4.3. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf (Samstarfsverkefni, nýjungar/breytingar ef einhverjar eru) ... 12
4.3.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar ... 12
4.3.2. Samstarf leik- og grunnskóla ... 13
4.3.3. Samstarf við háskólana ... 13
4.3.4. Annað samstarf ... 13
5. Starfsmannamál ... 14
5.1. Stjórnskipan Jötunheima ... 14
5.2. Fundarhöld, starfsdagar, Haustþing ofl. ... 15
5.3. Starfsþróun starfsmanna ... 15
5.3.1. Skilgreining á starfsþróun ... 15
5.3.2. Mat á árangri ... 16
5.3.3. Fjármögnun símenntunar ... 16
5.4. Yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2017-2018 ... 17
6. Starfsáætlun skólaársins 2018-2019 ... 19
6.1. Áherslur í starfi Jötunheima ... 19
4.1.1. Starfsáætlun eldri deilda (Sólbakki, Sunnuhvoll og Fagurgerði) skólaárið 2018-2019 ... 20
4.1.2. Starfsáætlun yngri deilda (Aðalból, Fossmúli og Merkiland) skólaárið 2018-2019 ... 24
Fylgiskjöl ... 28
Leikskóladagatöl ... 28

**Leikskólinn Jötunheimar**
**Heimilisfang:** Norðurhólar 3, 800 Selfoss
**Aðalsímanúmer:** 480-6370
**Netfang**: jotunheimar@arborg.is
**Heimasíða:** http://jotunheimar.arborg.is/
**Opnunartími leikskólans:** 7:45-16:30

# 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Hér gefur að líta starfsáætlun leikskólans Jötunheima skólaárin 2017–2018 og 2018-2019 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Jötunheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: *Leikurinn á vísdóm veit*. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, matslista og starfsþróunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfar. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari starfsáætlun til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólaþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar eigi síðar en 1. september. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Selfoss, 28. júní 2018

Júlíana Tyrfingsdóttir
Leikskólastjóri Jötunheima

Einkunnarorð Jötunheima

Leikurinn á vísdóm veit

## 2. Stutt greinargerð um skólastarfið 2017-2018

Skólaárið 2017-2018 í Jötunheimum var viðburðar- og um leið lærdómsríkt. Það einkenndist af fagmennsku og þrótti sem skilaði sér í öflugu leikskólastarfi.

Vorið 2017 sóttum við um styrk til Sprotasjóðs fyrir skólaárið 2017-2018 vegna þróunarverkefnisins *„Við erum eins og samfélag" – Uppbygging lærdómssamfélags í Jötunheimum*. Samþykkt var að veita okkur styrk að upphæð kr. 2.000.000.- Markmið þessa verkefnis er að auka fagmennsku kennara, styrkja starfsaðferðir þeirra og efla skólamenningu Jötunheima. Við í Jötunheimum erum þess fullviss að þróunarverkefnið hafi gagnast okkur vel. Það hefur opnað á umræður um innviði skólans, breytingar á þeim og aukið samvinnu kennara þvert á deildir sem styrkir okkur í starfi og eykur fagmennsku kennara. Við lögðum áherslu á að allir kennarar gætu á starfsdögum og starfsmannafundum verið þátttakendur í þróunarverkefninu og hluti af teymum. Í starfsmannasamtölum kom skýrt fram ánægja starfsmanna á verkefnunu og flestir töldu sig þáttakendur í því. Allir töldu sig hafa eitthvað fram að færa og voru tilbúnir að leggja sitt af mörkum fyrir skólastarfið. Það er mikill kraftur í kennarahópnum og við ætlum ótrauð að halda áfram að gera enn betur. Við viljum meina að þróunarverkefnið hafi verið lærdómsríkt og gott veganesti fyrir framtíð okkar.

Í starfsáætluninni  fyrir þetta skólaár lögðu deildirnar áherslu á heilbrigði og velferð. Lagt var af stað með að allir starfsmenn leikskólans mundu lesa grunnhefti aðalnámskrár leikskóla um heilbrigði og velferð. Samhliða þeim lestri vorum við með í huga hvernig læsi og lýðræði fléttaðist við heilbrigði og velferð. Í mati starfsmanna á fræðilestrinum kom fram að þeim fannst margt áhugavert en þó í sjálfu sér ekkert nýtt. Í raun má segja að fræðilesturinn hafi fengið okkur til að leggja orð á það sem við erum nú þegar að gera. Við erum sammála um að þessi grunnþáttur fléttaðist vel saman við það sem við erum að gera. Í kjölfar þessarar vinnu var ákveðið af starfsmannahópnum að sækja um að verða Heilsueflandi leikskóli. Heilsueflandi leikskóli er verkefni á vegum Embættis landlæknis og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Mikill samhljómur er með starfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Í þessu verkefni er sérstök áhersla á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Erum við nú þegar byrjuð að vinna sérstaklega með síðast nefnda þáttinn. Það skal tekið fram að það eru engar róttækar breytingar að fara í gang í húsinu og við gefum okkur góðan tíma í innleiðingarferlið eða fimm til sjö ár. Fyrst og fremst ætlum við að taka þetta á leikgleðinni og standa saman um að gera Jötunheima að enn betri leikskóla þar sem allir fá að blómstra, bæði börn og fullorðnir.

Í september og október féllu tveir nemendur frá og einkenndist sá tími af sorg og söknuði. Við munum ávallt minnast þeirra. Áfallaáætlun Árborgar var virkjuð og reyndist hún góður leiðarvísir á þessum erfiðu tímum. Við viljum þakka öllum þeim aðilum sem stóðu við bakið á okkur kærlega fyrir.

Í nóvemberlok fór fram ytra mat á skólastarfi Jötunheima og sá Menntamálastofnun um framkvæmd matsins. Tveir matsaðilar komu og gerðu vettvangsathuganir, tóku viðtöl og greindu gögn. Í niðurstöðum þeirra kom fram að í Jötunheimum fer fram metnaðarfullt leikskólastarf. Þau telja að stefna leikskólans og leikurinn birtist vel í öllu starfinu, að skipulag námsins og starfsaðstæður séu góðar og að börnunum líði vel. Í rýnihópaviðtali sem var tekið við foreldra kom fram að þeir væru ánægðir með samskipti við stjórnendur og starfsfólk leikskólans og allt samstarf væri gott. Leikskólinn er vel mannaður fagfólki og telja þau stjórnunina vera til fyrirmyndar. Í skýrslunni kemur fram að það sé til fyrirmyndar hvernig allt starfsfólkið komi að gerð skólanámskrárinnar, starfsáætlana, þróunarverkefna og öðru því sem verið er að vinna að í leikskólanum. Unnið er í teymum og til

fyrirmyndar hvernig allir starfsmenn fái tækifæri til að taka þátt í umræðunni og að þeir finni að þeirra rödd skiptir máli. Upplifun matsaðila af skólabragnum var góður og að starfsandinn sé með eindæmum góður. Það kom líka skýrt fram að starfsmannahópurinn hefur metnað fyrir góðu starfi. Gott skipulag er í allri stjórnun, verkferlar eru skriflegir og aðgengilegir á heimasíðu leikskólans.

Starfsmenn Jötunheima eru stoltir af skólanum sínum og voru því ánægð með þessa niðurstöðu. Í umbótaáætlun Jötunheima sem verður skilað til Menntamálastofnunar í ágúst kemur fram að við fögnum þeim tækifærum sem matsaðilar sáu og bentu okkur á til að gera gott leikskólastarf ennþá betra.

Mat á starfi skólans fer að öðru leiti fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt.

Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmannakönnun á skólaárinu og unnu starfsmenn leikskólans úr þeim niðurstöðum á síðasta starfsdegi skólaársins. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar og hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Helstu niðurstöður eru að unnið er gott starf í Jötunheimum, starfsánægja er mikil, mikill áhugi á starfinu og samstarf er gott. Helstu hindranir telja starfsmenn vera meðal annars mikill fjöldi barna á deildum þar sem vistunartími barnanna er langur. Fleiri hjálpartæki til þess að bæta vinnuaðstöðuna og fjölga undirbúningstímum til þess að starfsmenn geti betur sinnt símenntun. Í umbótaáætlun leikskólans má sjá sundurliðaða greiningu á niðurstöðunni.

Við munum halda áfram að þróa það góða starf sem nú þegar á sér stað hér í Jötunheimum og stefnum að sjálfsögðu áfram og lengra með því að halda leiknum sem kennsluaðferð hátt á lofti, því *leikurinn á vísdóm veit*.

Júlíana Tyrfingsdóttir
Leikskólastjóri

# 3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2017-2018

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt með að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3 – 5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matssvið sem taka á fyrir á hverju ári. Mikilvægt er þó að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem taka skal fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Foreldrasamtöl.
- ✓ Spuringalistar til starfsfólks og foreldra.
- ✓ Mat barna á skólastarfinu (Broskarlakönnun og spurningakönnun).

Niðurstöður og umbótaáætlun birtist síðan í starfsáætluninni og á heimasíðu leikskólans.

## 3.1 Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er starfsþróun starfsmanna jafnframt sinnt.

Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmannakönnun á skólaárinu og unnu starfsmenn leikskólans úr þeim niðurstöðum á vordögum. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar og verður henni gerð nánari skil hér að neðan.

### 3.1.1 Umbótaáætlun

Heildarniðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins er sú að unnið er gott starf í Jötunheimum. Hér verða helstu niðurstöður dregnar saman en umbótaáætlunin í heild sinni má finna á heimasíðu leikskólans.

- Almennt um starfsfólk
    - Í heild eru starfsmenn Jötunheima ánægðir með leikskólann sinn.
- Viðhorf til leikskólans
    - Helstu niðurstöður eru að unnið er gott starf í Jötunheimum, starfsánægja er mikil, mikill áhugi á starfinu og samstarf er gott. Helstu hindranir telja starfsmenn vera meðal

annars mikill fjöldi barna á deildum þar sem vistunartími barnanna er langur. Fleiri hjálpartæki til þess að bæta vinnuaðstöðuna telja starfsmenn einnig vera brýnt.

- Uppeldi og menntun
    - Starfsfólk Jötunheima leggur metnað sinn í að eiga góð samskipti við foreldra. Trú á eigin getu í starfi er einnig góð og er mikill metnaður og öryggi í starfsmannahópnum.
- Símenntun og undirbúningstími
    - Hlutfall fagfólks sem fær undirbúningstíma er 100% en þó telja starfsmenn að sá lágmarkstími sem áætaður er í undirbúnings sé ekki nægjanlegur. Í kjarasamningum er kveðið á um að leikskólakennarar skulu fá að lágmarki fjórar klst. á viku í undirbúning og telja kennarar þetta ekki nægjanlegt. Einnig telja starfsmenn að ófaglærðir skulu einnig fá svigrúm til undirbúnings með fastri afleysingu. Með því eflum við enn frekar símenntun starfsmanna.

Í umbótaáætlun leikskólans má sjá sundurliðaða greiningu á niðurstöðunni.

## 3.2 Ytra mat

Í nóvember 2017 fór ytra mat fram í Jötunheimum sem var unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Með ytra mati er sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið voru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Þær matsaðferðir sem stuðst var við voru; vettvangsathuganir, einstaklingsviðtöl, rýniviðtöl og rýnt í ýmis gögn á prentuðu máli eða á rafrænu formi.

Hér gefur að líta samantekt niðurstaðna sem birtist í skýrslunni sem gefin var út með ytra matinu. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar af starfsfólki leikskólans og er hana að finna á heimasíðu leikskólans sem og í fylgiskjali þessarar starfsáætlunar.

### *Leikskólinn og umhverfi hans*

Leikskólinn Jötunheimar er sex deilda leikskóli í sveitarfélaginu Árborg. Einkunnarorð leikskólans er „leikurinn á vísdóm veit“. Lögð er áhersla á sjálfsprottinn leik og leikinn sem námsleið. Það endurspeglast vel í starfnu. 40 starfsmenn starfa við leikskólann og af þeim hópi eru 42% leikskólakennarar og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr.87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Húsnæði leikskólans uppfyllir vel lágmarksaðstöðu í leikskólum samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverf leikskóla nr.655/2009. Húsnæði leikskólans er óvenju rúmgott og rými er fyrir flesta þætti starfseminnar. Allir stjórnendur hafa sér skrifstofur, stór og rúmgóður salur er í húsinu. Aðstaða starfsmanna er til fyrirmyndar s.s. aðstaða til undirbúnings, kaffistofa, fataherbergi og salernisaðstaða. Útivistarsvæði mætti þó bæta. Lóðin er ekki stór fyrir þann fjölda sem er í leikskólanum, ekki er sérstakt

leiksvæði fyrir yngstu börnin. Leiktæki eru flest staðsett á litlu svæði og þröngt um þau. Jarðvegur í lóð er holóttur og liggur vatn á lóðinni. Bílastæði eru of fá við leikskólann. Foreldrar og starfsmenn koma á sama tíma á morgnana sem þýðir að starfsmenn fá jafnvel ekki bílastæði.

### *Stjórnun – Skólabragur og samskipti*

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa stýrt skólanum frá 2014 og mynda þeir gott teymi, vinna vel saman og styðja hvorn annan. Verkaskipting er skýr en er ekki skrifleg. Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim er gott. Skólabragur og starfsandi er góður og mikill faglegur metnaður er í starfsmannahópnum. Starfsmannahópurinn er þéttur, styðjandi og stendur vel saman. Stjórnunarhættir í leikskólanum eru lýðræðislegir og einkennast af valddreifingu og dreifðri stjórnun. Hlustað er eftir sjónarmiðum allra starfsmanna og fá allir að hafa rödd. Hvatt er til símenntunar, gerð símenntunaráætlun og símenntun starfsmanna skráð. Verkferlar eru skýrir og sýnilegir þannig að til fyrirmyndar er. Stjórnendateymisfundir og deildarfundir eru vikulega og falla sjaldan niður. Þá er þannig haldið utan um undirbúningstíma að til fyrirmyndar er fyrir aðra leikskóla.

### *Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat a námi og velferð barna*

Andrúmsloft í leikskólanum er einstaklega gott og samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu, trausti og umhyggju fyrir einstaklingnum. Sjá má að börnunum í leikskólanum líður vel, samskipti í hópnum eru góð og einkennast af jafnrétti. Í öllu starfi leikskólans kemur heildarstefnan skýrt í ljós. Dagskipulagið einkennist af sjálfsprottnum leik, hópastarfi og útivist. Sjálfsprottnum leik er gert hátt undir höfði og hafa börnin góðan samfelldan tíma fyrir hann. Börnin hafa gott aðgengi að leikföngum og öðrum efniviði í sjálfsprottna leiknum og húsnæðið er nýtt þannig að í leiknum myndast flæði. Unnið er með kennsluefnið Lubbi finnur málbein á öllum deildum leikskólans og er það mjög sýnilegt í umhverfinu. Einnig hefur starfsfólk verið mjög hugmyndaríkt og duglegt að útbúa alls konar kennslugögn í tengslum við Lubba vinnuna. Lögð er áhersla á að vinna í litlum hópum og dreifa barnahópnum á svæði og nýta húsnæðið sem best. Það er meðal annars gert með því að hafa hluta af barnahópnum úti á meðan annar hluti er inni. Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár. Ákveðnir starfsmenn sinna aðallega listsköpun og hreyfingu. Við mat á námi barna eru notaðir ýmsir listar. Auka mætti lýðræðislega þátttöku barna og aðkomu þeirra að skipulögðum stundum og innra mati, ásamt því að gera það sýnilegra.

### *Foreldrasamvinna og ytri tengsl*

Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim finnst viðhorf starfsfólks til barna einkennast af virðingu og hlýju. Foreldrum finnst mikil fagmennska einkenna starfið í leikskólanum og að gott sé að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda. Yfirleitt sé reynt að koma til móts við óskir foreldra. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og hefur það sett sér verklagsreglur. Fundargerðir foreldraráðs birtast á heimasíðu skólans. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við starf leikskólans. Formlegt og gott samstarf er við grunnskólann og er sérstakt teymi á milli skólastiga sem fundar á tveggja mánaða fresti. Á heimasíðu leikskólans kemur fram hvernig samstarf leik- og grunnskóla í Árborg er háttað. Foreldrakönnun Skólapúlsins 2017 leiddi í ljós að 92% foreldra eru ánægð með leikskólann.

***Skóli an aðgreiningar***

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Stefna skólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á deild en unnið er með þau einstaklingslega ef þörf krefur. Sveitarfélagið Árborg hefur gert skriflega verkferla fyrir leikskóla ef upp kemur grunur um þroskafrávik og eru þeir birtir á heimasíðu leikskólans. Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu um sérkennslubörnin á deildarfundum og skipulagsdögum. Einnig er það hvatt til að sækja námskeið og aðra fræðslu utan leikskólans. Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.

***Innra mat***

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og mynda stjórnendur matsteymi. Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta starfið. Leikskólinn hefur gert sér langtíma matsáætlun til sex ára. Í ársskýrslu leikskólans kemur fram að mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti s.s. umræðum á deildarfundum, deildarstjórafundum, skipulagsdögum og í starfsmannasamtölum. Í rýnihópum kom fram að matið væri frekar huglægt. Mat á framförum barna fer fram reglulega og eru nýttir ýmsir matslistar. Í gegnum Skólapúlsinn er send könnun til foreldra annað hvert ár og starfsmanna hitt árið og eru niðurstöður nýttar í innra mat. Niðurstöður úr innra mati og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu leikskólans.

## Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

| Stjórnun | Uppeldis- og menntastarf | Leikskólabragur | Foreldrasamstarf | Innra mat |
|---|---|---|---|---|
| Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur | Skipulag náms og námsaðstæður | Viðmót og menning | Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun | Skipulag og viðfangsefni |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | Uppeldi, menntun og starfshættir | Velferð og líðan barna | Viðhorf foreldra | Gagnasöfnun og vinnubrögð |
| Stjórnun og daglegur rekstur | Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna | Hlutverk leikskólakennara | | Opinber birting og umbætur |
| Faglegt samstarf | Námssvið leikskólans | Fagmennska starfsfólks | | |
| Leikskólaþróun og símenntun | Leikskóli án aðgreiningar | Starfsánægja | | |
| | Mat á námi og velferð barna | | | |

## 3.3 Matsáætlun

| Viðfangsefni sjáfsmats | 2017-2018 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2021-2022 | 2022-2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skólanámskrá**<br>**Matsþættir:**<br>Hugmyndafræðin, markmið, námssvið, áherslur og námsmat. | Yfirfarin og endurútgefin | | | Yfirfarin og endurútgefin | | |
| **Foreldrakönnun**<br>**Matsþættir:**<br>Daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta og opin svör. | | Skólapúlsinn | | Skólapúlsinn | | Skólapúlsinn |
| **Leikskólabörnin**<br>**Matsþættir:**<br>Líðan og þarfir. Samstarf heimila og skóla. | Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl | Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl | Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl | Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl | Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl | Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl |
| **Starfsfólk**<br>**Matsþættir:**<br>Líðan, þarfir, starfsandi, starfshættir, endurmenntun, samskipti og samstarf. | Starfsmannasamt. | Starfsmannasamt. | Starfsmannasamt. | Starfsmannasamt. | Starfsmannasamt. | Starfsmannasamt. |
| **Starfsmannakönnun**<br>**Matsþættir:**<br>Rekstrarupplýsingar, almennt um starfsfólk, viðhorf til leikskólans, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningur og opnar spurningar. | Skólapúlsinn | | Skólapúlsinn | | Skólapúlsinn | |
| **Þróunarverkefni**<br>**Matsþættir:**<br>Þróunarverkefnin eru metin með margvíslegum hætti sem tiltekið er í verkferlinu. | Þróun lærdómssamfélags í Jötunheimum. Spuringalistar Umræður | | | | | |

# 4. Börn, foreldrar ofl.

## 4.1. Barnahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2017 er 124 (haustið 126)

| Aldursskipting | |
|---|---|
| Börn fædd 2012 | 30 |
| Börn fædd 2013 | 32 |
| Börn fædd 2014 | 25 |
| Börn fædd 2015 | 23 |
| Börn fædd 2016 | 14 |
| Börn fædd 2017 | 0 |

| Dvalartími | Fjöldi barna |
|---|---|
| 4 tímar | 0 |
| 5 tímar | 1 (5,5 tímar) |
| 6 tímar | 6 (6 og 6.5 tímar) |
| 7 tímar | 9 (7 og 7,5) |
| 8 tímar | 35 |
| 9 tímar | 73 (8,5 og 9) |

### 4.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2017. Með sérstakan stuðning er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Fjöldi barna sem sem nutu sérstaks stuðnings voru 9 og fengu hann hjá sérkennslustjóra í litlum hópum í viðbót við það starf sem unnið er á deildum. Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

### 4.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2017. Í Jötunheimum eru fjögur börn sem eru tvítyngd og fjöldi tungumála eru þrjú.

## 4.2. Foreldrasamvinna

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við teljum að það sé börnunum fyrir bestu að gott upplýsingaflæði sé milli heimilis og skóla.

Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt. Þar má meðal annars nefna kynningarfundi á vegum leikskólans, foreldrakaffi í desember, jólaball, árshátíð barnanna og sumarhátíð. Einnig er öfum og ömmum boðið í heimsókn að vori til að kynnast skólastarfinu.

### 4.2.1. Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).

Í vetur var starfsrækt foreldraráð í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var með foreldraráðinu í vetur þar sem það kom að málefnum leikskólans. Í byrjun skólaársins var auglýst eftir þátttöku foreldra í foreldraráð og gáfu allir sitjandi fulltrúar foreldraráðs áfram kost á sér. Fundað var þrisvar sinnum yfir skólaárið og fundargerðir kynntar foreldrum með því að setja þær á heimasíðu leikskólans.

### 4.2.2. Foreldrafundir, foreldrafræðsla(dagsetningar, fyrirkomulag).

Kynningarfundir fyrir foreldra voru 26., 27. september og 17. október á eldri deildum og 3., 4. og 5. október á yngri deildum.

### 4.2.3. Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).

Foreldraviðtöl fóru fram á vorönn en foreldrum var boðið í haust að koma í samtal þegar fyrstu niðurstöður úr TRAS lágu fyrir.

### 4.2.4. Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Jötunheima. Foreldrafélagið og leikskólinn eru í góðu samstarfi. Á skólaárinu 2017 – 2018 bauð foreldrafélagið meðal annars upp á vasaljósaferð fyrir nemendur og þeirra fjölskyldur, gjöf til útskriftarnemenda, leiksýningu Brúðuheima á Pétri og úlfinum. Auk þessa hefur foreldrafélagið fært leikskólanum góðar gjafir sem nýtast nemendum í leik og starfi; við færum þeim þakkir fyrir.

### 4.2.5. Fréttir

Fréttir af skólastarfinu eru settar á heimasíðu leikskólans, jotunheimar.arborg.is.

## 4.3. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf (Samstarfsverkefni, nýjungar/breytingar ef einhverjar eru)

### 4.3.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur. Þar gátum við leitað til og haft samráð við kennsluráðgjafa, sálfræðing og talmeinafræðing.

### 4.3.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Nemendur fyrsta bekkjar komu í tvær heimsóknir í leikskólana á haustönn. Á vorönn fórum við í heimsókn í báða grunnskólana á Selfossi þar sem börnin fengu kynningu á skólunum. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi í tvo daga í senn. Gert hefur verið endurmat á samstarfi leik- og grunnskóla sem mun nýtast í áframhaldandi samvinnu. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann.

### 4.3.3. Samstarf við háskólana

Á skólaárinu vorum við með þrjá leikskólakennaranema nema í vettvangsnámi frá HÍ á vorönn. Tveir nemar voru á fyrsta ári og einn á þriðja ári.

### 4.3.4. Annað samstarf

Á skólaárinu 2017 – 2018 vorum við í góðu samstarfi við aðra leikskóla í Árborg og grunnskólana. Í apríl fengum við í heimsókn til okkar tvo kennara frá Slóveníu sem voru hjá okkur í viku og fylgdust með starfinu í Jötunheimum ásamt því að heimsækja aðra leikskóla og Vallaskóla.

# 5. Starfsmannamál

Skólaárið 2017-2018 voru 42 starfsmenn starfandi í Jötunheimum í mismunandi stöðum og stöðuhlutföllum. Töluverður stöðugleiki einkennir starfsmannahóp Jötunheima og ánægjulegt er að sjá fjölgun þeirra sem hafa áhuga á að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða. Einn starfsmaður stundaði leikskólaliðanám frá Fræðsluneti Suðurlands utan vinnutíma. Í vetur voru tveir starfsmenn í leikskólakennaranámi og lauk annar B.ed í leikskólakennarafræðum núna í vor. Leikskólastjóri er í doktorsnámi við Háskóla Íslands. Þessir starfsmenn þurftu að mæta í háskólana í staðlotur á vinnutíma. Það sést á þessum tölum að mikill áhugi er fyrir þróun og framsækni í starfsmannahópnum og er það mjög jákvætt. Starfsmenn eru mannauður leikskólans og honum ber að hlúa að, hvetja og styrkja. Það er trú okkar að með áframhaldandi hvatningu þá fjölgi leikskólakennurum í Jötunheimum.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars 2018 og fengu allir starfsmenn boð um að mæta í samtalið. Gefin var ein klukkustun í samtalið sem fór fram í viðtalsherbergi leikskólans.

## 5.1. Stjórnskipan Jötunheima

| Starfsheiti | Nafn | Netfang | Símanúmer |
|---|---|---|---|
| **Leikskólastjóri:** | Júlíana Tyrfingsdóttir | julianat@arborg.is | 480-6372 |
| **Aðstoðarleikskólastjóri:** | Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir | gir@arborg.is | 480-6373 |
| **Sérkennslustjóri:** | Rannveig Bjarnfinnsdóttir | rannveig.bjarnfinns@arborg.is | 480-6375 |
| **Deildarstjóri Sólbakka:** | Valgerður Rún Heiðarsdóttir | valgerdurh@arborg.is | 480-6383 |
| **Deildarstjóri Sunnuhvols:** | Anna Þóra Guðmundsdóttir | annathora@arborg.is | 480-6382 |
| **Deildarstjóri Fagurgerðis:** | Eyrún Björk Einarsdóttir leysti Báru Kr. Gísladóttur af í veikindaleyfi | barak@arborg.is | 480-6381 |
| **Deildarstjóri Aðalbóls:** | Ingunn Helgadóttir | ingunnh@arborg.is | 480-6384 |
| **Deildarstjóri Fossmúla:** | Sandra Anne-Marie Vachon | sandraanne@arborg.is | 480-6386 |
| **Deildarstjóri Merkilands:** | Dagný Björk Ólafsdóttir | dbo@arborg.is | 480-6385 |



## 5.2. Fundarhöld, starfsdagar, Haustþing ofl.

Morgunfundir eru haldnir klukkan 8:15 á hverjum morgni og er miðað við að þeir séu ekki lengur en fimm mínútur. Þar er farið yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn. Starfsmenn voru sammála því að það hafi betri tilfinningu fyrir húsinu með því að hafa þessa fundi og stjórnendur finna einnig fyrir meiri yfirsýn starfsfólks yfir húsið í heild. Mjög mikilvægt er samt að passa tímastjórnun og að hafa fundina hnitmiðaða og stutta.

Í vetur hefur hver deild fengið deildarfund í hálftíma einu sinni í viku. Það hefur reynst starfi leikskólans vel að funda einu sinni í viku því það skilar markvissri og faglegri vinnu.

Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku á þriðjudögum kl 13:00-14:00. Á þeim fundum sitja aðilar stjórnunarteymisins og fara yfir starf leikskólans. Deildarstjórar voru sammála því að fundirnir gengju vel, væru hnitmiðaðir og að þær ákvarðanir sem teknar eru sé fylgt eftir.

Samráðsfundir deildarstjóra eldri deilda hafa verið nokkrir á skólaárinu. Deildarstjórar yngri deilda hafa einnig fundað reglulega. Allir voru sammála um að þessir fundir styðji við starfið á deildunum, auki samræmi, sýnileika og væri góð handleiðsla fyrir deildarstjóra.

Á skólaárinu voru reglulega haldnir samráðsfundir leikskólastjóra, samráðsfundir sérkennslustjóra og samráðsfundir sérkennslustjóra og deildarstjóara leikskólans með sálfræðingi Skólaþjónustu Árborgar.

Fimm skipulagsdagar voru á skólaárinu. Haustþing 8. deildar FL og FSL var haldið í október í Hótel Selfoss og stóð öllum starfsmönnum til boða að fara þangað og hlusta á fjölbreytta fyrirlestra.

Á skólaárinu sóttu margir kennarar sér endurmenntun í formi fjölbreyttra námskeiða og fyrirlestra.

## 5.3. Starfsþróun starfsmanna

Símenntunaráætlun Jötunheima er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk á eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

### 5.3.1. Skilgreining á starfsþróun

Hverjum leikskóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti:

- ✓ sem er nauðsynleg fyrir skólann.
- ✓ sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið samkvæmt símenntunaráætlun skólans.

Ákvörðun skal tekin af skólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru einu sinni á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður. Skólastjóri auglýsir öll fræðsluerindi og námskeið sem berast með því að senda tölvupóst og/eða hengja upp á upplýsingatöflu á kaffistofu og í undirbúningsherbergi.

### 5.3.2. Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

### 5.3.3. Fjármögnun símenntunar

Valkostir:

- ✓ Skólinn
- ✓ Starfsmaðurinn
- ✓ Símenntunarsjóðir

| Skóli greiðir 100% | Skóli greiðir og starfsmaður | Starfsmaður greiðir 100% |
|---|---|---|
| Vinnustaðurinn greiðir vinnutíma samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Vinnustaðurinn greiðir námskeiðsgjald. | Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd.<br>Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn. | Starfsmaðurinn fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur. |
| Starfstengd ósk stjórnandans og þátttaka er innan vinnutíma.<br>Starfstengd ósk starfsmanns og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda. | Starfstengt en ekki forgangsmál.<br>Þátttaka innan eða utan vinnutíma. | Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf. |
| Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum.<br>Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra. | Yfir árið:<br>**Eitt námskeið á hvern starfsmann.** | Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni.<br>Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu. |

## 5.4. Yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2017-2018

| Símenntun | Tilgangur og efni | Tímafj | Kostnaður | Þátttakendur | Ábyrgð | Hvar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsdagur 17.ágúst 2017** | ✓ Lubbanámskeið – Eyrún Ísfold<br>✓ Hegðunarstjórnun með áherslu á virkni hegðunar – Lucinda Árnadóttir | 8 klst. 8:00-16:00 | Dagvinna | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Starfsmannafundur 5. september 2017** | ✓ Þróunarverkefnið<br>✓ Fyrirlestur um lærdómssamfélagið – Svava Björg Mörk | 2 klst. 17:00-19:00 | Yfirvinna greidd af Sprotasjóði | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Haustþing 13.október 2017** | ✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks.<br>✓ Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk sem nýtist beint í starfið. | 6,5 klst. 9:00-14:30 | Þátttökugjald fyrir alla starfsmenn | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Hótel Selfoss |
| **Starfsmannafundur 14. nóvember 2017** | ✓ Þróunarverkefnið<br>✓ Byrgjum brunninn áður en kennarinn brennur yfif - Þóra Sif Sigurðardóttir | 1,5 klst. 17:00-18:30 | Yfirvinna greidd af Sprotasjóði | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Starfsdagur 16. nóvember 2017** | ✓ Líkamsbeytingarnámskeið – Guðrún Herborg.<br>✓ TMT upprifjun – Rannveig Bjarnfinnsdóttir<br>✓ Fyrirlestur um þroskahamlanir – Una á greiningarstöðinni. | 8 klst. 8:00-16:00 | Dagvinna | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Starfsmannafundur 25. janúar 2018** | ✓ Þróunarverkefnið<br>✓ Fyllt í gátlista heilsueflandi leikskóla | 1,5 klst. 17:00-18:30 | Yfirvinna greidd af Sprotasjóði | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Starfsdagur 13. febrúar 2018** | ✓ Starfsmannafundur<br>✓ Sandra Anne-Marie Vachon kynnti ráðstefnu Young Child Expo sem hún fór á í Los Angeles<br>✓ Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir kynnti jóga með börnum og námskeiðið Hugarfrelsi<br>✓ Sameiginlegur starfsdagur leikskólanna í Árborg frá kl. 13-16. | 8 klst. 8:00-16:00 | Dagvinna | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Skóladagur Árborgar 14. mars 2018** | ✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks.<br>✓ Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk sem nýtist beint í starfið. | 8 klst. | Dagvinna | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Hólmaröst og BES á Stokkseyri |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsmannafundur 12. apríl 2018** | ✓ Þróunarverkefnið | 1,5 klst. 17:00-18:30 | Yfirvinna greidd af Sprotasjóði | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |
| **Starfsdagur 12. júní 2018** | ✓ Endurmat á skólaárinu. Umbótaáætlun. | 8 klst. 8:00-16:00 | Dagvinna | Allir starfsmenn leikskólans. | Leikskólastj | Jötunheimar |

**Tillögur að efni á starfsdögum (niðurstöður úr starfsmannasamtölum):**

- Fara í leikskólaheimsóknir
- Fyrirlestur um lýðræði í leikskólastarfi
- Skyndihjálp í nóvember 2018

# 6. Starfsáætlun skólaársins 2018-2019

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og mikilvægasta náms- og þroskaleið barna. Sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Hann er æðstur allra leikja og gleðigjafi. Til þess að glæða leikinn lífi þarf barnið að búa að fjölbreyttri upplifun úr náttúru, umhverfi og samskiptum. Af þeirri reynslu skapast þekking, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni. Í leiknum læra börnin að umgangast hvert annað af virðingu og fá bæði notið hvíldar og útrásar. Samkvæmt rannsóknum er árangursríkasta leiðin fyrir nám barna sem og besti undirbúningurinn fyrir frekara nám og starf síðar á lífsleiðinni að læra í gegnum leikinn.

Leikurinn er kennsluaðferð kennarans. Með því að virða leikinn, skoða hann, þekkja og vera þátttakandi í honum fær kennari góða mynd af getu og þroska hvers barns, stöðu þess í barnahópnum og samskiptum þeirra á milli. Reynsla og þekking kennarans gerir honum kleift að lesa tilfinningar og líðan barns með því að fylgjast með leik þess. Hlutverk kennara er að hlúa vel að samskiptum barna og kennara og innbyrðis milli barnanna. Kennarar eru meðvitaðir um gildi leiksins og mikilvægi þess að vera til staðar þegar á þarf að halda, til að styðja leikinn eða grípa inn í ef þörf krefur.

Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í leikskólauppeldi barna. Það hvetur til skapandi og virkrar hugsunar og eykur sjálfstæði barnanna og trú á þeirra eigin getu. Forsenda lýðræðis er samábyrgð og þátttaka einstaklinga sem gerir þá færa um að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Flétta á lýðræði og jafnrétti inn í alla námsþætti Jötunheima. Leikskólinn er fyrir öll börn með ólíkar þarfir og getu. Taka þarf tillit til mismunandi þroska og reynslu einstaklingsins og að hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi og geti notið sín á eigin forsendum. Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Börn með sérþarfir læra best í leik og starfi með öðrum börnum og megináhersla er lögð á að sérkennslan fari fram í litlum hópi þar sem barnið getur notið sín í félagslegum samskiptum.

Heilbrigði er andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan. Heilbrigð samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu. Lykilatriði í hreyfiuppeldi barna er að þau læri í gegnum leik og þess vegna þarf góð hreyfistund að einkennast bæði af skipulögðum og frjálsum leik. Í Jötunheimum er lögð áhersla á að barnið fái markvissa alhliða hreyfingu. Hreyfing er mikilvæg jafnt úti sem inni og börnin hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing leysir úr læðingi sköpunarkraft og framkallar gleði, vellíðan og sterka sjálfsmynd. Öll börn fara út a.mk. einu sinni á dag en þau sem vilja fara aftur út hafa kost á því. Lögð er áhersla á að matur sé unninn að mestu frá grunni. Eftir hádegismat fara öll börn á yngri deildum í hvíld eftir aldri og þörfum. Eldri börnin taka þátt í samverustundum þar sem áhersla er lögð á lestur.

Í Jötunheimum miðast allt starf leikskólans við leikinn og mikilvægi hans. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag miðast við það. Við leggjum ríka áherslu á að andrúmsloft okkar einkennist af vináttu og gleði.

## 6.1. Áherslur í starfi Jötunheima

Í vetur ætlar starfsfólk leikskólans að leggja áherslu á að dýpka ennþá frekar og festa í sessi það sem við höfum verið að kynna okkur s.l. ár. Við ætlum meðal annars að leggja áherslu á að lesa sem dæmi Fiskinn, Verndum þau og rýna aftur í þau grunnhefti aðalnámskrár sem við höfum nú þegar lesið.

Heilsuteymi og sýnileikateymi Jötunheima verða jafnframt með skipulagðan fundartíma til þess að vinna betur að þeim þáttum sem við höfum verið að innleiða.

4.1.1. Starfsáætlun eldri deilda (Sólbakki, Sunnuhvoll og Fagurgerði) skólaárið 2018-2019

# # Læsi

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| # Markviss vinna með læsi í sinni víðustu mynd.<br># Efla færni barna í læsi í sinni víðustu mynd. | # Vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein<br># Markviss málörvun þar sem lögð er áhersla á þætti í Hljóm- 2, orðskýringar í lestri, söng, þulum og almennu tali<br># Þula/vísa mánaðarins<br># Orð vikunnar (eitt úr vísu mánaðarins, eitt frá Fagurgerði, eitt frá Sunnuhvoli og eitt frá Sólbakka)<br># Orðaspjallspoki í fataklefa<br># Bækur og ritföng séu sýnileg og aðgengileg<br># Bókstafir, ritmál og hljóð sýnileg og aðgengileg<br># Bókaormur og Lubbi heim. Samstarf milli heimilis og skóla<br># Myndrænt dagskipulag<br># Loðtöflusögur<br># Útivist/vettvangsferðir/skógarferðir/bókasafnsferðir<br># Virk hlustun<br># Kennarar noti faglegt og fallegt málfar<br># Jákvæð samskipti<br># Frjálsi leikurinn<br># TMT<br># Talnalæsi með tengslum við Lubba |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| # Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn<br>Hljóm-2<br>TRAS | # Ferli stöðugra breytinga<br># Umræður | # Deildarstjórar<br># Allir starfsmenn |

# » Sjálfbærni

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| » Að kenna börnunum að læra á og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu | » Flokka pappír og plast<br>» Henda rusli í ruslafötur<br>» Tína það rusl sem við sjáum úti þó að það sé ekki eftir okkur<br>» Ganga vel um gróðurinn, t.d. ekki brjóta greinar á trjágróðri<br>» Nýta pappír betur |

| | |
|---|---|
| | » Fara vel með leikföngin og allan efnivið sem við eigum. |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| » Umræða og endurmat á deildarfundum tvisvar yfir skólaárið | » Ferli stöðugra breytinga<br>» Umræður | » Deildarstjórar<br>» Allir starfsmenn |

## ≠ Lýðræði

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| ≠ Að hvert barn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum<br>≠ Vönduð orðræða<br>≠ Leggja áherslu á virka og gagnkvæma hlustun<br>≠ Að börnin nái færni í að taka þann valkost sem flestir velja<br>≠ Aukið samtarf milli deilda<br>≠ Börnin fái aukið vægi í ákvarðanatöku á málefnum sem snerta þau | ≠ Ein góð samverustund á degi hverjum þar sem tekin eru fyrir fjölbreytt viðfangsefni<br>≠ Tala skýrt og leiðbeina börnum með skýrum fyrirmælum og nota orðræðu sem þau skilja<br>≠ Nota „nú ætlum við „ í stað „eigum við að ..“ þegar börnin hafa ekki val.<br>≠ Hlusta á og virða skoðanir allra<br>≠ Opið flæði – börnin taki þátt í að velja hvað verður boðið uppá<br>≠ Hver deild velji einu sinni á hverju skólaári hvað er í matinn<br>≠ Samvinna verði milli deilda um starf með elstu nemendunum<br>≠ Að hausti taka börnin þátt í að semja reglur fyrir sína deild |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| ≠ Umræða endurmat á deildarfundum einu sinni á önn<br>Ferli stöðugra breytinga – meta á milli deilda | ≠ Ferli stöðugra breytinga<br>≠ Umræður | ≠ Deildarstjórar<br>≠ Allir starfsmenn |

## ∞ Jafnrétti

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| ∞ Að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði<br>∞ Allir fái sömu tækifæri og möguleika á að vaxa, dafna og þroskast á eigin forsendum | ∞ Hlusta á og virða skoðanir allra<br>∞ Bera virðingu fyrir öllum tilfinningum |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| ∞ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | ∞ Ferli stöðugra breytinga<br>∞ Umræður | ∞ Deildarstjórar<br>∞ Allir starfsmenn |

## ≥ Heilbrigði og velferð

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| ≥ Að hlúa að þroska og heilbrigði barnanna frá ýmsum hliðum og uppfylla grunnþarfir hvers barns fyrir sig | ≥ Hollt og fjölbreytt mataræði<br>≥ Slökun/hvíld<br>≥ Skipulagðar hreyfistundir í sal<br>≥ Auka styrk og þol með útivist/gönguferðum/vettvangsferðum<br>≥ Góðar hreinlætisvenjur<br>≥ Gott aðgengi að vatni til drykkjar<br>≥ Læra á eigin tilfinningar og annara |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| ≥ Umræða og endurmat á deildarfundum einu sinni á önn | ≥ Ferli stöðugra breytinga<br>≥ Umræður | ≥ Deildarstjórar<br>≥ Allir starfsmenn |

## ≈ Sköpun

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| ≈ Að gefa börnunum tækifæri og aðstæður til að skapa og tjá sig á fjölbreyttan hátt | ≈ Nýta þann efnivið sem til fellur við flokkun<br>≈ Bjóða upp á möguleikann á að tjá sig yfir hópinn<br>≈ Fjölbreyttur efniviður og viðfangsefni í öllu starfi<br>≈ Hafa efniviðinn sýnilegan og eins aðgengilegan og aðstæður leyfa<br>≈ Öll börn fara einu sinni í viku í skipulagða stund þar sem áhersla er á sköpun |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| ≈ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | ≈ Ferli stöðugra breytinga<br>≈ Umræður | ≈ Deildarstjórar<br>≈ Allir starfsmenn |

Unnið á skipulagsdegi í Jötunheimum 12. júní 2018 af starfsfólki eldri deilda.

### 4.1.2. Starfsáætlun yngri deilda (Aðalból, Fossmúli og Merkiland) skólaárið 2018-2019

## # Læsi

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| # Markviss vinna með læsi í sinni víðustu mynd | # Vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein<br># Áhersla á málörvun í öllum aðstæðum; þar sem lögð er áhersla á orðskýringar í lestri einfaldra bóka og að tala um innihald og myndir bóka. Við munum nota söngva, hreyfisöngva og þulur til að örva tal og skilning. Vanda skal orðaval við almennar samræður.<br># TMT – Tákn með tali<br># Bækur séu sýnilegar og aðgengilegar<br># Bókum sýnd virðing í meðhöndlun<br># Bókaormur milli heimilis og skóla<br># Myndrænt dagskipulag<br># Loðtöflusögur / sögukassar<br># Útivist/vettvangsferðir/skógarferðir<br># Í útivist er einnig mikilvægt að vinna með læsi í sinni víðustu mynd, eiga samræður við börnin, hjálpa þeim að tjá sig, kenna þeim að umgangast útisvæðið og önnur börn á útisvæðinu sem og lesa umhverfi sitt.<br># Að börnin geti tjáð tilfinningar sínar á skiljanlegan hátt, kennarar hjálpi barninu að setja orð á tilfinningar sínar og viðurkenna þær og leiðbeina hvernig vinna skal úr þeim.<br># Að börn læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi, læri að lesa hvert annað og tilfinningar annarra.<br># Að nýta áhuga barnanna hverju sinni á viðfangsefni og spinna út frá þeirra áhuga |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| # Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | # Ferli stöðugra breytinga<br># Umræður | # Allir starfsmenn |

## » Sjálfbærni

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| » Að kenna börnunum að læra á og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu<br>» Börnin nái þeirri færni að vera læs á sjálfan sig, sínar tilfinningar og annara<br>» Efla færni í félagslegum tengslum og sjálfstæði | » Útivist: í útivist er mikilvægt að kenna þeim að umgangast útisvæðið af virðingu, hvernig leikföng og tæki útisvæðis eru notuð. Hjálpa þeim að uppgötva umhverfið og náttúruna, leiðbeina þeim hvað sé í boði og hvað sé ekki í boði.<br>» Gönguferðir<br>» Vera góðar fyrirmyndir, samræma reglur hússins.<br>» Lífsleikni og félagsfærninám<br>» Bína bálreiða – boðskipti<br>» Henda rusli í ruslafötur<br>» Nýta pappír betur<br>» Fara vel með leikföngin og allan efnivið sem við eigum. |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| » Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | » Ferli stöðugra breytinga<br>» Umræður | » Allir starfsmenn |

## ≈ Sköpun

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| ≈ Að gefa börnunum tækifæri og aðstæður til að skapa og tjá sig á fjölbreyttan hátt | ≈ Fjölbreyttur efniviður og viðfangsefni í öllu starfi<br>≈ Hafa efniviðinn sýnilegan og eins aðgengilegan og aðstæður leyfa<br>= að börnin fái tækifæri til að uppgötva þann efnivið sem þau komast í.<br>=að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í allri sköpun |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| ≈ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | ≈ Ferli stöðugra breytinga<br>≈ Umræður | ≈ Allir starfsmenn |

## ≠ Lýðræði

| Markmið | Leiðir |
| --- | --- |
| ≠ Að hvert barn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum<br>≠ Vönduð orðræða<br>≠ Leggja áherslu á virka og gagnkvæma hlustun<br>≠ Áhersla á að læra það að stundum ráðum við og stundum ekki, meirihlutinn ræður | ≠ Tala skýrt og leiðbeina börnum með skýrum og stuttum fyrirmælum og nota orðræðu sem þau skilja<br>≠ Nota ,,þú mátt velja“ en ekki ,,þú mátt ráða“<br>≠ Nota „nú ætlum við „ í stað „eigum við að ..“ þegar börnin hafa ekki val.<br>≠ Hlusta á og virða skoðanir allra, þetta á við bæði um börn og fullorðna.<br>≠ Opið flæði þar sem börnin fá að velja leiksvæði og leikefni.<br>≠ Hver deild fær að kjósa hvað er í matinn einu sinni á skólaárinu.<br>≠ Ýmsar stundir þar sem börnin fá að velja hvað þau geri hverju sinni t.d. við lestur bóka, leikefni o.fl. |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
| --- | --- | --- |
| ≠ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | ≠ Ferli stöðugra breytinga<br>≠ Umræður | ≠ Allir starfsmenn |

## ∞ Jafnrétti

| Markmið | Leiðir |
| --- | --- |
| ∞ Að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði | ∞ Allir fái sömu tækifæri og möguleika á að vaxa, dafna og þroskast á eigin forsendum |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
| --- | --- | --- |
| ∞ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | ∞ Ferli stöðugra breytinga<br>∞ Umræður | ∞ Allir starfsmenn |

## ≥ Heilbrigði og velferð

| Markmið | Leiðir |
|---|---|
| ≥ Að hlúa að alhliða þroska og heilbrigði barnanna og uppfylla grunnþarfir hvers barns fyrir sig<br>≥ Takmarka kyrrsetu barna | ≥ Heilsueflandi leikskóli<br>≥ Hollt og fjölbreytt mataræði<br>≥ Hvíld/Slökun<br>≥ Skipulagðar hreyfistundir í sal<br>≥ Útivist/gönguferðir<br>≥ Góðar hreinlætisvenjur<br>≥ Kenna handþvott<br>≥ Gott aðgengi að vatni til drykkjar<br>≥ Geðrækt<br>≥ Horfa á jákvæðar hliðar nemenda og kennara<br>≥ Styrkleikastjörnur afhentar í foreldrasamtölum<br>≥ Hrósa og hvetja<br>≥ Viðurkenna og hvetja<br>≥ Bína bálreiða – kennir okkur að bregðast rétt við - boðskipti<br>≥ Almenn hvatning til heilbrigðs lífernis<br>≥ Brjóta upp stundir með hreyfingu |

| Mat | Mælikvarðar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| ≥ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn | ≥ Ferli stöðugra breytinga<br>≥ Umræður | ≥ Allir starfsmenn |

Unnið á skipulagsdegi í Jötunheimum 12. Júní 2018 af starfsfólki yngri deilda

# Fylgiskjöl

## Leikskóladagatöl

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2017 - 2018

**Nafn skóla:** **Jötunheimar**

**Ódagsettir viðburðir á skólaárinu:**
Í júní - Íþróttadagur verður valinn eftir veðri.

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | Sumarfri | 1 F | | 1 S | Bleikur mánuður | 1 M | | 1 F | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur |
| 2 M | Sumarfri | 2 L | | 2 M | | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | |
| 3 F | Sumarfri | 3 S | | 3 Þ | Kynningarfundur kl.8:10 Aðalból | 3 F | | 3 S | | 3 M | |
| 4 F | Sumarfri | 4 M | | 4 M | Kynningarfundur kl.8:10 Fossmúli | 4 L | | 4 M | | 4 F | |
| 5 L | | 5 Þ | | 5 F | Kynningarfundur kl.8:10 Merkiland | 5 S | | 5 Þ | | 5 F | Jólin kvödd í salnum |
| 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | | 6 M | | 6 L | Þrettándinn |
| 7 M | Fridagur verslunarmanna | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | Rauður dagur/Söngst. í sal Jólakaffi kl.14:00-15:30 | 7 S | |
| 8 Þ | Sumarfri | 8 F | Jötunheimar 9 ára Dagur læsis | 8 S | | 8 M | Baráttudagur gegn einelti | 8 F | | 8 M | |
| 9 M | Sumarfri | 9 L | | 9 M | | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | |
| 10 F | **Leikskólinn opnar** | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | Dimmustund |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | |
| 13 S | | 13 M | | 13 F | Haustþing - Lokað | 13 M | | 13 M | | 13 L | |
| 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | |
| 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | | 15 F | | 15 M | |
| 16 M | | 16 L | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | | 16 F | Starfsdagur-Lokað Dagur íslenskrar tungu | 16 L | | 16 Þ | |
| 17 F | Starfsdagur- Lokað | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | Lubbi 6 ára Lopapeysudagur | 17 S | | 17 M | |
| 18 F | | 18 M | | 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | Litlu jólin-Jólaball Eldri kl.13:15/ Yngri kl. 14:15 | 19 F | Bóndadagur/Þorrablót/ svartur dagur + söngst. |
| 20 S | | 20 M | | 20 F | | 20 M | | 20 M | | 20 L | |
| 21 M | | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | |
| 22 Þ | | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 F | | 22 M | |
| 23 M | | 23 L | | 23 M | Gleðivika | 23 F | | 23 L | Þorláksmessa | 23 Þ | |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | | 24 F | | 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | |
| 25 F | | 25 M | | 25 M | | 25 L | | 25 M | Jóladagur | 25 F | |
| 26 L | | 26 Þ | Kynningarfundur kl.8:10 Sunnuhvoll | 26 F | | 26 S | | 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | |
| 27 S | | 27 M | Kynningarfundur kl.8:10 Sólbakki | 27 F | Bangsadagur + söngstund í sal | 27 M | Bakstursvika | 27 M | | 27 L | |
| 28 M | | 28 F | Kynningarfundur kl.8:10 Fagurgerði | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | |
| 29 Þ | | 29 F | Skrautlegur dagur + söngstund í sal | 29 S | | 29 M | | 29 F | | 29 M | |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | 30 L | | 30 Þ | |
| 31 F | | | | 31 Þ | | | | 31 S | Gamlársdagur | 31 M | |

| FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 F | | 1 S | Páskadagur | 1 Þ | Verkalýðsdagurinn | 1 F | Íþróttadagur | 1 S | |
| 2 F | Dagur stærðfræðinnar | 2 F | | 2 M | Annar í páskum | 2 M | | 2 L | | 2 M | |
| 3 L | | 3 L | | 3 Þ | Blár mánuður | 3 F | | 3 S | Sjómannadagurinn | 3 Þ | |
| 4 S | | 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | Hreystivika | 4 M | |
| 5 M | | 5 M | | 5 F | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | **Sumarfrí** |
| 6 Þ | **Dagur leikskólans Opið hús** | 6 Þ | Árshátíð Kl.14:30 | 6 F | Vorskóli í Vallaskóla | 6 S | | 6 M | | 6 F | Sumarfri |
| 7 M | | 7 M | Árshátíð Kl.14:30 | 7 L | | 7 M | | 7 F | | 7 L | |
| 8 F | | 8 F | Árshátíð Kl.14:30 | 8 S | | 8 Þ | Listasýning Jötunheima opnar 8-18 maí | 8 F | | 8 S | |
| 9 F | | 9 F | | 9 M | Vorskóli í Vallaskóla | 9 M | | 9 L | | 9 M | Sumarfri |
| 10 L | | 10 L | | 10 Þ | Vorskóli í Vallaskóla | 10 F | Uppstigningardagur | 10 S | | 10 Þ | Sumarfri |
| 11 S | | 11 S | | 11 M | | 11 F | | 11 M | | 11 M | Sumarfri |
| 12 M | Bolludagur | 12 M | | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | Starfsdagur- Lokað | 12 F | Sumarfri |
| 13 Þ | Starfsdagur-Lokað Sprengidagur | 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | | 13 F | Sumarfri |
| 14 M | Öskudagur | 14 M | Skóladagur Árborgar Lokað | 14 L | | 14 M | | 14 F | | 14 L | |
| 15 F | | 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | Sumarhátíð Kl.14:00-15:30 | 15 S | |
| 16 F | | 16 F | | 16 M | | 16 M | | 16 L | | 16 M | Sumarfri |
| 17 L | | 17 L | | 17 Þ | Stöðvaflæði | 17 F | | 17 S | Lýðveldisdagurinn | 17 Þ | Sumarfri |
| 18 S | Konudagur | 18 S | | 18 M | Stöðvaflæði | 18 F | Ömmu og afadagur Kl.13:30-15:00 | 18 M | | 18 M | Sumarfri |
| 19 M | | 19 M | | 19 F | Sumardagurinn fyrsti | 19 L | | 19 Þ | | 19 F | Sumarfri |
| 20 Þ | | 20 Þ | Árshátíð Kl.14:30 | 20 F | | 20 S | Hvítasunnudagur | 20 M | | 20 F | Sumarfri |
| 21 M | | 21 M | Árshátíð Kl.14:30 | 21 L | | 21 M | Annar í hvítasunnu | 21 F | | 21 L | |
| 22 F | | 22 F | Árshátíð Kl.14:30 | 22 S | | 22 Þ | | 22 F | | 22 S | |
| 23 F | Skrautlegur dagur + söngstund í sal | 23 F | | 23 M | | 23 M | Útskriftarferð | 23 L | | 23 M | Sumarfri |
| 24 L | | 24 L | | 24 Þ | | 24 F | | 24 S | | 24 Þ | Sumarfri |
| 25 S | | 25 S | Pálmasunnudagur | 25 M | Brunaæfing | 25 F | Grænn dagur + söngstund í sal | 25 M | | 25 M | Sumarfri |
| 26 M | | 26 M | | 26 F | | 26 L | | 26 Þ | | 26 F | Sumarfri |
| 27 Þ | | 27 Þ | | 27 F | | 27 S | | 27 M | | 27 F | Sumarfri |
| 28 M | | 28 M | Gulur dagur + söngstund í salnum | 28 L | | 28 M | | 28 F | | 28 L | |
| | | 29 F | Skírdagur | 29 S | | 29 Þ | Útskrift 6 ára barna Kl.17:00 í Sunnulækjarsk. | 29 F | Fjölublárdagur + söngstund í sal | 29 S | |
| | | 30 F | Föstudagurinn langi | 30 M | | 30 M | | 30 L | | 30 M | Sumarfri |
| | | 31 L | | | | 31 F | | | | 31 þ | Til og með 8 ágúst 2018. Opnum aftur fim 9 ágúst |

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2018 - 2019

**Nafn skóla:** Leikskólinn Jötunheimar

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 M Sumarfrí | 1 L | 1 M | 1 F | 1 L Fullveldisdagurinn | 1 Þ Nýársdagur | 1 F Dagur stærðfræðinnar | 1 F | 1 M | 1 M Verkalýðsdagurinn | 1 L | 1 M |
| 2 F Sumarfrí | 2 S | 2 Þ Kynningarfundur kl.8:10 Aðalból | 2 F | 2 S | 2 M | 2 L | 2 L | 2 Þ | 2 F | 2 S Sjómannadagurinn | 2 Þ |
| 3 F Sumarfrí | 3 M | 3 M Kynningarfundur kl.8:10 Fossmúli | 3 L | 3 M Bakstursvika | 3 F | 3 S Tannverndarvika | 3 S | 3 M | 3 F | 3 M Hreystivika | 3 M |
| 4 L | 4 Þ | 4 F Kynningarfundur kl.8:10 Merkiland | 4 S | 4 Þ | 4 F Jólin kvödd í salnum | 4 M Starfsdagur- Lokað | 4 M Bolludagur | 4 F | 4 L | 4 Þ | 4 F Sumarfrí |
| 5 S | 5 M | 5 F Haustþing - Lokað | 5 M Starfsdagur- Lokað | 5 M | 5 L | 5 Þ | 5 Þ Sprengidagur | 5 F | 5 S | 5 M | 5 F Sumarfrí |
| 6 M Frídagur verslunarmanna | 6 F | 6 L | 6 Þ | 6 F | 6 S Þrettándinn | 6 M Dagur leikskólans | 6 M Öskudagur | 6 L | 6 M | 6 F | 6 L |
| 7 Þ Sumarfrí | 7 F Jötunheimar 10 ára Afmælisveisla | 7 S | 7 M | 7 F Jólaglugginn opnaður | 7 M | 7 F | 7 F | 7 S | 7 Þ Opið flæði | 7 F | 7 S |
| 8 M Sumarfrí | 8 L Dagur læsis | 8 M | 8 F | 8 L | 8 Þ | 8 F | 8 F | 8 M | 8 M | 8 L | 8 M Sumarfrí |
| 9 F **Leikskólinn opnar** | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 M | 9 L | 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S Hvítasunnudagur | 9 Þ Sumarfrí |
| 10 F | 10 M | 10 M | 10 L | 10 M | 10 F Dimmustund | 10 S | 10 S | 10 M | 10 F | 10 M Annar í hvítasunnu | 10 M Sumarfrí |
| 11 L | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 Þ | 11 F | 11 M | 11 M Opið flæði | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 F Sumarfrí |
| 12 S | 12 M | 12 F Menntakvika 2018 | 12 M | 12 M Opið flæði/ Jólafatadagur | 12 L | 12 Þ | 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M Dótadagur | 12 F Sumarfrí |
| 13 M Starfsdagur- Lokað | 13 F | 13 L | 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 M | 13 L | 13 M Listasýning Jötunheima opnar 14-24 maí | 13 F | 13 L |
| 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M | 14 F | 14 M | 14 F | 14 F | 14 S Pálmasunnudagur | 14 Þ | 14 F | 14 S |
| 15 M | 15 L | 15 M | 15 F | 15 L | 15 Þ | 15 F Opið flæði | 15 F | 15 M Símenntunardagur leikskóla Árborgar-Lokað | 15 M | 15 L | 15 M Sumarfrí |
| 16 F | 16 S Dagur íslenskrar náttúru | 16 Þ | 16 F Lubbi afmæli / Dagur íslenskrar tungu | 16 S | 16 M | 16 L | 16 L | 16 Þ | 16 F | 16 S | 16 Þ Sumarfrí |
| 17 F | 17 M | 17 M | 17 L Lopapeysud og söngst í sal | 17 M | 17 F Opið flæði | 17 S Konudagur | 17 S | 17 M Gulur dagur/ opið flæði + söngstund í salnum | 17 F Ömmu og afadagur Kl.13:30-15:00 | 17 M Lýðveldisdagurinn | 17 M Sumarfrí |
| 18 L | 18 Þ | 18 F | 18 S | 18 Þ Jólaball og jólakaffi - Eldri kl.13:15/ Yngri kl. 14:15 | 18 F | 18 M | 18 M | 18 F Skírdagur | 18 L | 18 Þ | 18 F Sumarfrí |
| 19 S | 19 M | 19 F | 19 M | 19 M | 19 L | 19 Þ Skrautlegur dagur + söngstund í sal | 19 Þ Árshátíð Fagurgerði Kl.14:30 | 19 F Föstudagurinn langi | 19 S | 19 M | 19 F Sumarfrí |
| 20 M | 20 F | 20 L | 20 Þ Opið flæði | 20 F Rauður dagur/Söngst. í sal/Jólamatur | 20 S | 20 M | 20 M Árshátíð Sunnuhvoll Kl.14:30 | 20 L | 20 M | 20 F Sumarhátíð Kl.14:00-15:30 | 20 L |
| 21 Þ | 21 F | 21 S Gleðivika | 21 M | 21 F | 21 M | 21 F | 21 F Árshátíð Sólbakki Kl.14:30/ Fögnum fjölbreytileikanum | 21 S Páskadagur | 21 Þ | 21 F | 21 S |
| 22 M | 22 L | 22 M Opið flæði | 22 F | 22 L | 22 Þ | 22 F | 22 F | 22 M Annar í páskum | 22 M | 22 L | 22 M Sumarfrí |
| 23 F | 23 S | 23 Þ Dótadagur | 23 F | 23 S Þorláksmessa | 23 M | 23 L | 23 L | 23 Þ | 23 F Útskriftarferð | 23 S | 23 Þ Sumarfrí |
| 24 F | 24 M | 24 M | 24 L | 24 M Aðfangadagur jóla | 24 F | 24 S | 24 S | 24 M | 24 F | 24 M Skrautlegur dagur + söngstund í sal | 24 M Sumarfrí |
| 25 L | 25 Þ Kynningarfundur kl.8:10 Sunnuhvoll | 25 F Bangsadagur + söngstund í sal | 25 S | 25 Þ Jóladagur | 25 F Bóndadagur/Þorrablót/ svartur dagur + söngst. | 25 M | 25 M | 25 F Sumardagurinn fyrsti | 25 L | 25 Þ | 25 F Sumarfrí |
| 26 S | 26 M Kynningarfundur kl.8:10 Sólbakki | 26 F | 26 M | 26 M Annar í jólum | 26 L | 26 Þ | 26 Þ Árshátíð Merkiland Kl.14:30 | 26 F | 26 S | 26 M | 26 F Sumarfrí |
| 27 M | 27 F Kynningarfundur kl.8:10 Fagurgerði | 27 L Fyrsti vetrardagur | 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M | 27 M Árshátíð Fossmúli Kl.14:30 | 27 L | 27 M | 27 F | 27 L |
| 28 Þ | 28 F | 28 S | 28 M | 28 F | 28 M | 28 F | 28 F Árshátíð Aðalból Kl.14:30 | 28 S | 28 Þ Útskrift 6 ára barna Kl.17:00 í Sunnulækjarsk. | 28 F | 28 S |
| 29 M | 29 L | 29 M | 29 F | 29 L | 29 Þ | | 29 F | 29 M | 29 M Grænn dagur + söngstund í sal | 29 L | 29 M Sumarfrí |
| 30 F | 30 S | 30 Þ | 30 F | 30 S | 30 M | | 30 L | 30 Þ | 30 F Uppstigningardagur | 30 S | 30 Þ Sumarfrí |
| 31 F | | 31 M | | 31 M Gamlársdagur | 31 F | | 31 S | | 31 F Starfsdagur- Lokað | | 31 M Til og með 7. ágúst 2018. Opnum aftur fim 8. ágúst |